

2. gr.

Handsömunargjald skv. b-lið 2. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 4.500 ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða frá fyrri handsömun.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Ölfusi nr. 772/1999 og gildir fyrir árið 2003.

Bæjarstjórnin í Ölfusi, 24. janúar 2003.

Ólafur Ragnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendi. Milli vatns og vegar. Vatnsendablettir 206, 716 og 719. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 5. desember 2002 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi á svæðinu Milli vatns og vegar í landi Vatnsenda. Nánar tiltekið varðar breytingin Vatnsendabletti 206, 716 og 719. Í tillögunni felst að leigulandið að Vatnsendabletti 206 er stækkað til norðurs. Nyrst á leigulandinu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir einbýlishús með aðkomu frá Sveinsstaðavegi. Afmörkun lóða að Vatnsendabletti 716 og 719 breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 23. janúar 2003.

Skipulagsstjóri Kópavogs,

Birgir H. Sigurðsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Íbúðarsvæði sunnan Reynilundar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 3. desember 2002 samþykkt deiliskipulag íbúðarreits sunnan Reynilundar. Skipulagið gerir ráð fyrir 5 einbýlishúsum, 2 parhúsum og 24 íbúðum í fjölbýlishúsum.

Skipulagsuppdráttur og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.